

289. fundur Skólanefndar FS

11. mars 2008



Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Ingimundur Þ. Guðnason,
Garðar Páll Vignisson, áheyrnarfulltrúarnir Guðmundur Viktorsson og
Gunnar Hörður Garðarsson og Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Nýtt námsframboð í FS.
2. Geo Camp Iceland og Fisktækniskóli Íslands.
3. Önnur mál.

1. Nýtt námsframboð í FS.

Skólameistari sagði frá hugmyndum um nýtt námsframboð sem verður mögulegt með nýjum lögum um framhaldsskóla. Hann ræddi sérstaklega um breytingar á almennri braut og fornámi en þar er brottfall nemenda mest. Almennt rætt um frumvarp til laga um framhaldsskóla, m.a. um starfsemi nemendafélaga.


2. Geo Camp Iceland og Fisktækniskóli Íslands.

Skólameistari kynnti stöðu mála varðandi raungreinabúðir og fisktækniskóla. Fundarmenn lýstu ánægju sinni með gang mála varðandi þessi verkefni.

3. Önnur mál.

a) Skólameistari sagði frá því að verið er að semja við skóla í Monkey Bay í Malaví. Ætlunin er að nota fé úr afmælissöfnun skólans til að koma rafmagni í skólann í Malaví og greiða fyrir það næstu fimm ár. Skólanefnd samþykkti þetta einróma.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Guðmann Kristbjörnsson,
fundarritari